



# Byggðasafn Dalamanna

## Laugum í Sælingsdal

### Ársskýrsla 2013

Hlutverk Byggðasafns Dalamanna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar og náttúruminjar úr Dalasýslu og nágrenni með sérstakri áherslu á muni sem hafa sögulegt gildi fyrir héraðið og sýna líf og starf Dalamanna. Safnið starfar eftir söfnunar- og sýningarstefnu.

Hlé var gert á endurbótum á safninu árið 2013 og áhersla lögð á skráningavinnu, efla tengslin við íbúa héraðsins og innra starf. Gengið var frá stofnskrá, safnastefnu, sýningarstefnu, söfnunarstefnu, gert áhættumat fyrir safnið og neyðaráætlun.

#### Stjórn safnsins

Samkvæmt stjórnskipun sveitarfélagsins Dalabyggðar fer Menningar- og ferðamálanefnd með málefni Byggðasafns Dalamanna.

Í árslok voru í nefndinni Jón Egill Jóhannsson á Skerðingsstöðum formaður, Kolbrún Haukdal Jónsdóttir á Fellsenda varaformaður, Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í Ytri-Fagraðal og Ólafur Skagfjörð Gunnarsson í Þurranesi. Í árslok var Rebecca C. K. Ostfeld í Hólum ein eftir í varastjórn. Herdís Erna Gunnarsdóttir baðst undan setu í stjórn og Íris Björg Guðbjartsdóttir flutti úr héraðinu.

#### Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Safnvörður í 50% starfshlutfalli er Valdís Einarsdóttir safnastjóri Dalabyggðar. Safnastjóri er jafnframt í 25% starfshlutfalli sem héraðsskjalavörður og 10% sem vefstjóri og fleira hjá Dalabyggð. Starf safnvarðar og héraðsskjalavarðar fara mjög vel saman og styrkja hvort annað. Væri þó til bóta að hafa starfseminna á sama stað.

Viðar Þór Ólafsson verkstjóri Dalabyggðar kom að eftirliti og minni háttar viðhaldi á safninu. Arndís Erla Ólafsdóttir í Ásgarði saumaði og gekk frá gluggatjöldum fyrir safnið, auk fjölda viðvika sem fyrri ár.

Sjálfboðaliðar í gestamóttöku voru Sigríður Ósk Jónsdóttir 10 ára grunnskólanemi, Björn Stefán Guðmundsson fyrrv. kennari og safnvörður, Gísli Rúnar Guðmundsson háskólanemi og Svanborg Þuríður Einarsdóttir búfræðikandídat og bóndi.

Öllum sjálfboðaliðum safnsins eru þökkuð góð störf á árinu.

#### Stofnskrá og stefnumörkun

Í tengslum við umsókn um viðurkenningu safna var gengið var frá stofnskrá, safnastefnu söfnunarstefnu, sýningarstefnu, áhættumati og neyðaráætlun. Allar þessar stefnur og greinagerðir voru nær tilbúna í ársbyrjun og því nær eingöngu lokafrágangur eftir. Byrjað var að huga að fræðslustefnu fyrir safnið.



Stofnskrá safnsins frá því janúar 2011 var loksins afgreidd af Safnaráði á árinu. Var henni hafnað vegna lagabreytinga sem hafa orðið frá því hún var send inn og hún afgreidd. Ný stofnskrá með endurbótum vegna lagabreytinga var síðan samþykkt 25. nóvember af safnaráði.

Sótt var um viðurkenningu safna í samræmi við lagabreytingar, en henni var hafnað á þeim forsendum hve rekstrarstyrkur safnasjóðs er hátt hlutfall tekna.

## Húsnæði

Byggðasafn Dalamanna hefur um 300 m<sup>2</sup> kjallara í kennsluálfu Laugaskóla til afnota. Þar er öll starfsemi safnsins, sýningar, geymsla og skrifstofa. Húsnæðið er ekki byggt sem sýningarrými og að mörgu leyti óhentugt og ekki síður varasamt vegna vatnslagna í lofti.

Ekki er aðgengi fyrir fólk í hjólastól inn á safnið og lítið svigrúm til að bæta þar úr. Aðgengi hreyfihamlaðra innan safnsins hefur verið bætt.

Samkvæmt áætlun var lítið um stærri endurbætur á húsnæði safnsins árið 2013. En í árslok var hafinn undirbúningur að endurbótum næsta árs. Þarf að mála hluta gólfs, setja upp vegg og þil, taka niður þil, bæta geymslurými, setja upp brunavarnarhurð og margt fleira.

Settir voru upp á safninu tveir síritar sem mæla raka- og hitastig.

Nettenging á safninu var stórlega bætt í samvinnu við Sælingsdalslaug og Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ.

Gert var áhættumat fyrir safnið. Í kjölfarið voru gerðar þrjár neyðaráætlanir; almenn, vegna bruna og vegna lagnakerfa.

Þrátt fyrir ýmis vandamál varðandi vatnslagnir og aðgengi fatlaðra er markmiðið að gera sem best úr því húsnæði sem er til ráðstöfunar og nýta það á þann hátt sem best hentar hverju sinni. Langtímamarkmið er að sjálfsgöðu að koma safninu í öruggt húsnæði sem hentar því betur.

## Safnkostur og skráningar

Byggðasafn Dalamanna safnar minjum sem gefa mynd af sögu, mannlífi og náttúru héraðsins. Safnkostur er að stærstum hluta úr Dalasýslu og næsta nágrenni. Grunnurinn eru munir sem tengjast landbúnaði og heimilishaldi frá síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Tekið er við munum í samræmi við söfnunarstefnu safnsins.

Safninu bærust nokkrar gjafir á árinu, má þar nefna skrifborð úr eigu Magnúsar Ketilssonar sýslumanns í Búðardal og sr. Friðrik Eggertz í Akureyjum. Ofið veggteppi af Þórdísi Sveinsdóttur frá Kolsstöðum árið 1930 og fleiri góðir munir.

Munir og ljósmyndir safnsins eru skráð í gagnagrunninn Sarp. Nokkuð var skráð í Sarp, bæði endurbætur á fyrri skráningum og nýskráningar. Bætt var við 130 ljósmyndum af munum og skráningar muna og nafna tengdum þeim yfirfarnar samhliða. Nýskráðar 201 nýjar ljósmynd í ljósmyndasafnið, auk þess haldið fram áfram að yfirfara fyrri skráningar.

Eftir opnun ytri vefs Sarps til almennings bærust nokkrar ábendingar og fyrirspurnir.



## Sýningar og önnur miðlun

Miðlun safnsins er með sýningum á safninu og utan þess, fræðslufundum, móttöku skólahópa, á vefnum og öðrum þeim hætti sem hentar hverju viðfangsefni. Byggðasafn Dalamanna skal vera mikilvægur þáttur samfélagsins og efla vitund og áhuga íbúa og annarra um menningararf og náttúru Dalanna.

### Sýningar

Sýningar safnsins voru lítið breyttar frá fyrra ári, enda nær allar endurskipulagðar árið 2012. Þó voru ýmsar smálegar lagfæringar og viðbætur. Áhersla hefur verið á að bjóða gestum leiðsögn um safnið, hvort sem tekið er á móti einum gesti í einu eða stórum hópi.

Auk sýninga á safninu sjálfu átti Byggðasafn Dalamanna í samstarfi við Ólafsdalsfélagið um sýningu á störfum kvenna í Ólafsdal.

Í tengslum við Jörfagleði voru örsýningar í tveimur sýningarborðum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Silfurtúni, auk ljósmynda frá forsetaheimsóknum.

Þá var sýning á vegum Héraðsskjalasafnsins í húsakynnum Byggðasafns Dalamanna á norræna skjaladeginum 9. nóvember. Var þar til sýnis vísnaafn Einars Kristjánssonar fv. skólastjóra á Laugum og héraðsskjalavarðar.

### Fundir og spjall

Í samstarfi við íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni voru haldnir spjallfundir á vordögum 2013. Þá mætti safnvörður (og héraðsskjalavörður) á kaffispjall hjá Félagi eldri borgara í Reykhólasveit og Dölum. Á þessum fundum var m.a. rædd saga ungmennafélaganna, blöð ungmennafélaganna, sveitasíminn, skoðaðar og greindar ljósmyndir og hvaðeina sem kom upp í spjallinu. Samtals voru þessir spjallfundir 7 á árinu.

Tekið var á móti og spjallað um ferðaþjónustu í Dölum í ferð ferðaskipuleggjenda um Dali á vegum Markaðsstofu Vesturlands 17.-18. apríl á Laugum og Vogu.

Tekið var á móti og haldið stutt erindi um ferðaþjónustu í Dölum á fundi Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu 19.-20. október á Laugum og Vogu.

### Skólahópar

Nemendur í 2.-3. bekk Auðarskóla komu í heimsókn að kynna sér mjólkurvinnslu og fleira tengt búskaparháttum í tengslum við nám um þjóðhætti. Nemendur Hjallaskóla í skólaferðalagi á Laugum komu og við, sem fyrri ár.

### Netið

Heimasíða Byggðasafns Dalamanna ([www.dalir.is/thjonusta/byggdasafn](http://www.dalir.is/thjonusta/byggdasafn)) er hluti af heimasíðu Dalabyggðar eins og önnur starfsemi sveitarfélagsins; Er þar að finna helstu upplýsingar um safnið og ýmis konar fróðleikur úr héraðinu.

Upplýsingar um skráða muni og ljósmyndir er að finna í Sarpi ([sarpur.is](http://sarpur.is)), en ytri vefur hans var opnaður formlega í september 2013.



Þá er safnið og með Facebook-síðu (<https://is-is.facebook.com/pages/Bygg%C3%B0asafn-Dalamanna/124877174216653>) sem notuð er til að greina myndir, segja frá viðburðum og segja örsögur um muni og annað tengt sögu héraðsins.

## Handritin alla leið heim

Samstarfsaðilar verkefnisins *Handritin alla leið heim* voru Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Nýpurhryna, Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Byggðasafn Dalamanna. Stofnun Árna Magnússonar sá um gerð og hönnun sýningarinnar. Að henni komu Hersteinn Brynjólfsson forvörður Árnastofnunar, Finnur Arnar Arnarson er sýningarhönnuður, Sigrún Sigvaldadóttir grafískur hönnuður og Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir ljósmyndari Árnastofnunar. Afhending endurgerðar Staðarhólsbókar rímna og opnun sýningar var haldin í Tjarnarlundi í Saurbæ (í nágrenni Staðarhóls) 28. apríl í tengslum við Jörfagleði í Dölum. Þar gerði safnvörður grein fyrir tengslum Árna Magnússonar í Dalina. Rósa Þorsteinsdóttir frá Árnastofnun hélt erindi um handritið. Steindór Andersen og Kjartan Sveinsson kváðu rímur úr handritinu. Einnig tóku Kjartan Sveinsson fóstura handritsins og Sigurður Þórólfsson til máls. Fundarstjóri var Halla Sigríður Steinólfsdóttir.

Yfir sumarmánuðina var sýningin í setustofu Hótel Eddu á Laugum. Í tengslum við þá sýningu tvær uppákomur í samstarfi við Hótel Eddu. Rósa Þorsteinsdóttir hélt ítarlegra erindi um handritið og síðar kom Már Jónsson og fjallaði um Árna Magnússon og tengsl hans við Dalina, ásamt því að Steindór og Kjartan kváðu rímur. Sýningin var síðan lánuð Byggðasafninu Görðum í byrjun september. Auk sýningar í Dölunum voru sýningar í Vigri, Þingeyrum, Dalvík, Skriðuklaustri og Eyrarbakka.

Sýningin vakti athygli heimamanna og gesta á uppruna Árna Magnússonar og hans arfleifð. Eftirgerðin að Staðarhólsbók rímna og tengsl við Árna Magnússon við Dalina gefa síðan fleiri tækifæri til sýninga og fræðslu í framhaldinu.

## Opnunartímar og aðsókn

Safnið var opið daglega 1. júní til 31. ágúst, kl. 13-18. Utan þess tíma var safnið opið eftir samkomulagi og var nokkuð um það.

Skráðir voru 702 gestir á árinu, flestir í sumaropnun 498 (70,9%). Börn voru 133 (18,9%) og fullorðnir 568 (80,9%). Erlendir ferðamenn voru 91 (13%). Gestir í hópum voru 254 (36,2%), þar af 80 (11,4%) í skólahópum og 174 (24,8%) í sjálfstæðum hópum, engir hópar komu á vegum ferðsskrifstofa.

Á spjallfundi með eldri borgurum í Dölum mættu ríflega 100 manns.

Um 150-200 gesta sóttu viðburði safnsins tengda 350 ára afmælis Árna Magnússonar handritasafnara. Erfitt er að leggja mat á hvað margir skoðuðu sýninguna í húsakynnum Hótel Eddu á Laugum. En þar sem hún var á áberandi stað þá er hægt að reikna með 2.500 - 10.000 gestum. Nokkrir þeirra fengu leiðsögn og sögustund hjá safnverði byggðasafnsins.



## Rannsóknir og þekkingaöflun

Rannsóknir á vegum safnsins vörðuðu nær allar nánari upplýsingasöfnun um einstaka muni og þá sem þeim tengjast. Áfram var unnið að því að bera kennsl á fólk á ljósmyndum eftir því sem tækifæri gáfust og skráðar viðbótarupplýsingar um einstaka gripi frá safngestum.

Bjarni Guðmundsson hjá Landbúnaðarsafninu kom 17. október og skoðaði ljái safnsins og fleiri hluti vegna rannsókna sinna.

Vegna sumarleyfa og annarra starfa var ekki farið á fræðsluþing FÍSOS.

En sem fyrri ár voru sótt erindi og fundir í nágrenninu er tengjast starfsemi Byggðasafnsins, sögu héraðsins og annar fróðleikur.

10.2. Fyrirlestur um öskudag og bræður hans á Sauðfjársetrinu, Sævangi. Jón Jónsson þjóðfræðingur.

7.3. Fyrirlestur um refaveiðar ofl. í Tjarnarlundi á vegum Þaulseturs sf. og Snorrastofu í Reykholti. Snorri H. Jóhannesson refaskytta á Augastöðum.

12.3. Fyrirlestur/fundur um forndráttarvélur í Vogalandi, Króksfjarðarnesi. Bjarni Guðmundsson frá Landbúnaðarsafninu ofl.

21.3. Málþing um húsaminjar á Hvanneyri. Ýmsir fyrirlesarar.

00.7 Fyrirlestur á Nýp um sögu Breiðafjarðar, Sverrir Jakobsson.

25.9. Samstarfsfundur safna, sýninga og setra á Vesturlandi um sameiginlegan safnadag á Vesturlandi sumardaginn fyrsta 2014.

Svo og sem fyrri ár er farið yfir ákveðið lesefni og upplýsingaöflun tengd starfsemi safnsins; þ.e. forvörslu, uppsetningu sýninga, miðlun upplýsinga, stefnumótun, efni tengt sögu héraðsins og ýmiskonar fróðleikur.

## Mat á starfsemi

Ekki þóttu forsendur til að gera skipulagðar skriflegar skoðanakannanir á árinu. En þess gætt að gefa safngestum gott tækifæri til að tjá sig um safnið og sýningar þess án afskiptasemi safnvarðar.

Áfram var haldið með atferlissannsóknir á gestum, þ.e. hvernig þeir skoðuðu safnið til og upplifðu einstaka hluta þess. Eru þær upplýsingar notaðar til að bæta sýningarnar eftir því sem unnt er og við áframhaldandi endurskipulagninu á sýningum safnsins.

## Annað

Á hverju ári berst allnokkuð af erindum og fyrirspurnum frá einstaklingum og stofnunum. Reynt er að greiða úr þeim eftir því hægt er, en kannski ekki alltaf skírar línur um hvort það er safnvörður Byggðasafns Dalamanna eða héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafns Dalasýslu sem er að svara.

Tekið þátt í samstarfi með ferðaþjónustuaðilum í Dölum varðandi ferðaþjónustu í héraðinu og nokkrir formlegir og óformlegir fundir setnir um ferðamál.

Unnið var umsóknnum að styrkjum vegna hátíðarhalda í tilefni 800 ára afmælis Sturlu Þórðarsonar sagnaritara á Staðarhóli í Saurbæ.



Byggðasafn Dalamanna  
Laugum í Sælingsdal  
Rekstrarreikningur 2013

	Gjöld	Tekjur	Hlutfall
<b>Tekjur</b>			
Aðgangseyrir		100.363 kr.	1,9%
Dalabyggð -laun		2.790.742 kr.	53,1%
Dalabyggð -húsnæði		180.000 kr.	3,4%
Menningarráð Vesturlands ÁM 350		1.000.000 kr.	19,0%
Dalabyggð -ÁM 350		25.000 kr.	0,5%
Hótel Edda		60.000 kr.	1,1%
Safnasjóður -rekstrarstyrkur		1.000.000 kr.	19,0%
Safnasjóður -verkefnastykur		100.000 kr.	1,9%
<b>Tekjur samtals</b>		<b>5.256.105 kr.</b>	<b>100,0%</b>
<b>Gjöld</b>			
Launakostnaður	2.790.742 kr.		65,9%
Skrifstofukostnaður	23.332 kr.		0,6%
Sarpur	47.968 kr.		1,1%
Öryggisgæsla	80.386 kr.		1,9%
Tryggingar	13.686 kr.		0,3%
Viðhald og endurbætur	116.879 kr.		2,8%
Árni Magnússon 350	981.455 kr.		23,2%
Húsnæði	180.000 kr.		4,3%
<b>Gjöld samtals</b>	<b>4.234.448 kr.</b>		<b>100,0%</b>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>1.021.657 kr.</b>		
Alls	5.256.105 kr.	5.256.105 kr.	
Rekstrarhagnaður 2010		1.124.136 kr.	
Rekstrarhagnaður 2011		754.536 kr.	
Rekstrarhagnaður 2012		725.063 kr.	
Rekstrarhagnaður 2013		1.021.657 kr.	
<b>Ónýttur rekstrarhagnaður</b>		<b>3.625.392 kr.</b>	

Reikningar eru færðir af Dalabyggð og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda með öðrum reikningum sveitarfélagsins. Hagnaður eða tap af rekstri yfirfærast til næsta árs. Sjálfboðavinna er ekki metin til fjár.